

STARFSSKÝRSLA 2016

Mars 2017

Efnisyfirlit

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	3
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (Atvest).....	3
Stjórn og varastjórn kjörinn á aðalfundi þann 30. maí 2016.....	4
Starfsmenn félagsins	5
Starfsstöð og starfssvæði.....	5
Verkefnabókhald	6
Ítarlegri umfjöllun um verkefni 2016	5

Umsjón skýrslu: Starfsfólk Atvest

Ritstjórn: Valgeir Ægir Ingólfsson, María Maack

Ljósmyndir: Markaðsstofa Vestfjarða (Mínir Vestfirðir)

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Tilgangur félagsins er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum og styrkja forsendur byggðar með því að bæta jarðveg viðskipta til framtíðar. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða aðstoðar og leiðbeinir einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum í hugmyndavinnu, nýsköpun og atvinnuþróun og beinir hugmyndum þeirra og verkefnum í viðeigandi farveg innan þeirrar virðiskeðju sem félagið og hagsmunaaðilar þess starfa.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (Atvest).

- Tekur þátt í og er leiðandi við mótun atvinnustefnu á Vestfjörðum.
- Hefur frumkvæði í leit að sóknarfærum í atvinnulífinu.
- Stendur fyrir sérstökum rannsóknar- og þróunarverkefnum, sem stuðla að þróun atvinnutækifæra.
- Aðstoðar fyrirtæki, einstaklinga, sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir við að kanna nýjungar í atvinnurekstri.
- Veitir fyrirtækjum og einstaklingum almenna viðskiptaráðgjöf svo sem ráðgjöf varðandi vöruþróun, fjármögnun, markaðssetningu og rekstur.
- Hefur frumkvæði að samvinnu við aðila í atvinnulífinu og eflir samstarf milli þeirra.
- Er tengiliður milli tækni- og þjónustustofnana atvinnulífsins og þeirra sem eru í atvinnurekstri eða starfa að atvinnumálum.
- Miðlar upplýsingum um tækni, rekstur og fjármögnunarmöguleika og aðstoðar við gerð umsókna og lána.
- Stendur fyrir uppbyggingu fagþekkingar og stjórnunarkunnáttu með námskeiðahaldi og annarri fræðslustarfsemi.

Vinnuferli Atvest

Viðskiptavinir, skjólstæðingar
og hagsmunaðilar
&
hugmyndir, aðferðir og tækni



Verðmæti

Lokaafurð flestra
verkefna eru
skilgreinanleg
efnahagsleg verðmæti

Myndin fyrir ofan sýnir með einfaldri framsetningu hvernig Atvest vinnur. Félagið tekur til meðferðar ótal margar hugmyndir sem skjólstæðingar og hagsmunaaðilar félagsins koma fram með. Starfsmenn Atvest nýta ýmis konar viðurkenndar aðferðir til þess að umbreyta þeim í verðmæti sem eru sýnileg út á við. Verðmætin er nauðsynlegt að skilgreina í hverju verkefni fyrir sig, en þau geta verið fólgin í aukinni þekkingu, menningarauka, tekjum, störfum, sparnaði eða öðrum þáttum.

Stjórn og varastjórn kjörin á aðalfundi þann 30. maí 2016.

Stjórn:

Andrea Kristín Jónsdóttir, Strandabyggð, formaður
Inga María Guðmundsdóttir, Ísafirði
Matthildur Helga- og Jónudóttir, Ísafirði
Magnús Jónsson, Vesturbyggð
Óðinn Gestsson, Suðureyri
Einar Sveinn Ólafsson, Vesturbyggð
Anna Lóa Guðmundsdóttir, Ísafirði

Varastjórn:

Pétur G. Markan, Súðavík
Kristján Andri Guðjónsson, Ísafirði
Ása Dóra Finnbogadóttir, Vesturbyggð
Inga Birna Erlingsdóttir, Reykhólar
Guðrún Stella Gissuradóttir, Bolungarvík
Kristján G Jóakimsson, Ísafirði
Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafirði

Starfsmenn félagsins

Árið 2016 voru að meðaltali 5,5 stöðugildi hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og 6 starfsmenn sem sinntu þeim. Shiran Þórisson, framkvæmdarstjóri fram til október staðsettur á Ísafirði, við starfi hans tók í hlutastarfi Aðalsteinn Óskarsson. Jón Páll Hreinnsson, verkefnastjóri á Ísafirði lét af störfum hjá félaginu júní í stöðu hans var ráðin Magnea Garðarsdóttir, Margrét Birkisdóttir, sem sinnir bókhaldi og launavinnslu á Ísafirði, Valgeir Ægir Ingólfsson, verkefnastjóri á Patreksfirði og María Hildur Maack, verkefnastjóri á Hólmavík og Reykhólum en hún tók við starfi Viktoríu Ránar Ólafsdóttur, sem lét af störfum í lok árs 2015. Auk þess var Birna Jónasdóttir lausráðin til ýmissa verkefna fyrri hluta ársins, en hún var staðsett á Ísafirði.

Starfsstöð og starfssvæði

Atvest er með þrjár starfsstöðvar á Vestfjörðum. Að Árnagötu 2-4 á Ísafirði, í Aðalstræti 53 á Patreksfirði og í Höfðagötu 3, og eina sem skiptist milli Þróunarseturs á Hólmavík og Reykhóla. Aðalskrifstofan er á starfstöðinni á Ísafirði þar sem félagið er á annarri hæð í samfélagi með fyrirtækjum og stofnunum. Opnunartími er almennur skrifstofutími en með undantekningum samkvæmt samkomulagi. Skrifstofan hefur lokað vegna sumarleyfa tvær vikur fyrir verslunarmannahelgi.



Árnagata 2-4, Ísafirði

Starfssvæði Atvest spannar alla Vestfirði sem telur 9 sveitarfélög og vegalengdir geta verið umtalsverðar og seinfarnar, sérstaklega yfir vetrartímenn. Þrátt fyrir daglega viðveru starfsmanna á skrifstofum er engu að síður mikilvægt fyrir starfsemi félagsins að starfsmenn þess ferðist reglulega um starfssvæðið og efli samskipti við fólk og fyrirtæki.

Samstarfsaðilar

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) er lykil-samstarfsaðili Atvest. Fjármögnun á starfsemi félagsins kemur að mestu leyti í gegnum FV með þjónustusamningi við félagið um atvinnu- og



byggðapróun. FV stýrir Sóknaráætlun Vestfjarða og er í nánú samstarfi við félagið um framkvæmd hennar auk þess sem fjármagn kemur frá áætluninni til félagsins.

Fjórðungssambandið er með samning við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðapróun á Vestfjörðum, samningurinn er í takt við aðra álíka samninga við aðra landshluta. Félagið er því hér tengt samstarfi Byggðastofnunar og Fjórðungssambandsins en félagið á einnig í góðu samstarfi við stofnunina. Aðrir nánir samstarfsaðilar eru sveitarfélög á Vestfjörðum, Nýsköpunarmiðstöð, Háskólaþing, Fræðslumiðstöð o.fl.. Samstarf við atvinnulíf er mjög tengt vinnu klasasamstarfs fyrirtækjanna s.s. í sjávarútvegsklasa, fiskeldisklasa og jarðvarmaklasa.

Verkefnabókhald

Í yfirliti verkefna má sjá að

- Unnar voru rekstraráætlanir og viðskiptaáætlanir bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að fá niðurstöður um rekstrarhæfi svo unnt væri að leita til fjármögnunaraðila og lánastofnana.
- Veitt var ráðgjöf og aðstoð við styrkumsóknir í ýmsa sjóði t.d. Uppbyggingarsjóð Vestfjarða, AVS, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannís, Svanna, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Nýsköpunarsjóð Námsmanna og Framkvæmdasjóð ferðamála.
- Einnig var veitt aðstoð og ráðgjöf varðandi markaðssetningu, vörubrúun, myndun tegslaneta um landið og til útlanda, auglýsingagerð o.fl. til fyrirtækja og einstaklinga. Öll þessi verk flokkast hjá félaginu sem viðskiptaráðgjöf.

Hér á eftir fer ágríp og samantekt af nokkrum verkefnum úr verkefnabókhaldi félagsins frá eins og þau eru skráð í tvö ár fram til desember 2016 . Þeim er raðað eftir því hve margir tímar eru skráðir á hvert verkefni en innra starfi félagsins t.d. fjármálastjórnun, verkefna- og framkvæmdastjórnun telst ekki með. Þessi listi inniheldur auk þess ekki föst verkefni sem samið er um og hafa ekki bein atvinnubrúunarleg áhrif.

1. Viðburðastjórnun og verkefnastjórnun í tengslum við atvinnubrúunarsamning við Ísafjarðarbæ. Verkefnin voru m.a. Aldrei fór ég Suður, Fossavatn, Act Alone, Heimkomuhátíð, Páskar á Ísafirði og aðrir smærri viðburðir. Einnig var unnið að móttöku framleiðanda vegna upptöku- og kvikmynda verkefna á Vestfjörðum.
2. Kalkþörungaverkefni í Bolungarvík og Súðavík. Undirbúningur var unnin fyrir tvö aðskilin verkefni innan Atvest með það að markmiði að byggja upp tvær vinnslur á kalkþörungum á norðanverðum Vestfjörðum.
3. Fasteignaprúunarverkefni í Vesturbyggð vegna uppbyggingar fiskeldis með áherslu á Bíldudal.


4. Framkvæmdastjórnun eignahaldsfélagsins Hvetjandi og stjórnarseta í fyrirtækjum vegna fjárfestinga eignarhaldsfélagsins. Félagið hefur stækkað undir stjórn Atvest og aukið eignarhlut sinn í margvíslegum fyrirtækjum á Vestfjörðum. Jafnframt hefur verið unnið að því að þróa nýjan sjóð undir vinnuheitinu „Inwest-fjords“ þar sem m.a. er stefnt að því að stækka Hvetjanda í samstarfi við erlenda fjárfesta.
5. Unnið var að stefnumótun fyrir Ferðamálasamtök Vestfjarða í samstarfi við Markaðsstofu Vestfjarða með djúpvíðtölum um alla Vestfirði og veitt handleiðsla til verkefna sem hafa sótt í Framkvæmdarsjóð Ferðamannastaða.
6. Stutt var við frumkvöðla sem eru á höttunum eftir fjárfestum í stærri hugmyndir.
7. Við fiskeldi hefur verið unnið að fjárfestingarverkefnum, haggreiningum, skilgreiningu eldissvæða, undirbúningi námskeiða og almannatengsla verkefni.
8. Í samstarfi við Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur verið unnið að atvinnulífs- og samfélagsgreiningum, t.d. í Strandabyggð, stefnumótun vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða, þróun áhersluverkefna innan hennar, samvinna við þá sem hlutu úthlutun styrkja frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða, framtíð raforkumála, virkjana og málefni raforkuflutnings sem og frekari nýtingu jarðvarma. Einnig er undirbúið Fjórðungssþing Vestfirðinga. Einnig hafði félagið í samstarfi við FV aðkomu að tillögum og vinnu til nefndar forsætisráðuneytis sem ætlað var að efla samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum, svokallaðar Vestfjarðanefndar.
9. Hliðargreinar í sjávarútvegi þar sem markmiðið er aukin arðsemi með nýjum framleiðsluáferðum auk nýtingar á því hráefni sem fellur til á svæðinu. Þá var undirbúið verkefnið Þróunarmiðstöð Sjávarútvegsklasa Vestfjarða sem ætlað er að hýsa hugmyndir sem reynast raunhæfar til lengri tíma.
10. Unnið var að ýmsum fræðslumálum fyrir fyrirtæki og frumkvöðla, vottanir og kerfisbreytingar.
11. Almenn viðskiptarágjöf er fjölbreytt og á afar ólíkum sviðum. Þau verkefni eru um 100 talsins hjá félaginu.




Yfirlit um skiptingu verkefna

Á eftirfarandi myndum er gefið yfirlit um fjölda verkefna. Þau voru alls 131 og sýna myndirnar hvernig þau skitpast. Verkefni sem flokkuð eru *annað* eru verkefni með


sveitafélögum, félagasamtökum og stofnunum og varða samfélagslega þætti og eða innviði.



Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig tímarnir þróast innan ársins á verkefnum. Stærsta verkefnið hefur kallað á 387 tíma en nokkur verkefni voru leyst með 1 tíma, ráðgjöf en að meðaltali eru félagið að verja 34 tímum í verkefni og miðgildi tímafjöldi er 12,5 tímar.



Stærstu viðskiptamenn/hagsmunaaðilar eru skilgreindir út frá því á hvaða viðskiptamann verkefnið er bókað. Í mörgum tilfellum greiða hagsmunaaðilar inn til félagsins þegar verkefni eru umfangsmikil og starfsmenn þurfa að sinna þeim lengi. Neðangreind mynd sýnir jafnt verkefni á viðskiptamenn sem og verkefni sem óbeint eru unnin fyrir sveitarfélög á svæði Atvest.



Ítarlegri umfjöllun um verkefni 2016

Hvetjandi er eignarhaldsfélag og fjárfestingafélag sem Atvest stýrir fyrir hluthafa. Markmið félagsins er að fjárfesta í fyrirtækjum á Vestfjörðum sem eru arðbær til lengri tíma og geta eflt atvinnulíf svæðisins. Framkvæmdastjóri Atvest sá um framkvæmdastjórn félagsins fram í október en Atvest hafði allt árið umsjón með heimasíðu félagsins og bókhald. Talsverður tími fer einnig í að styðja við og halda áfram í þróunarvinnu með fyrirtækjunum sem Hvetjandi á hlut í. Nánari upplýsingar má finna á www.hvetjandi.is

Rannsóknir og greiningar á umfangi hagkerfisins og stöðu atvinnulífsins er hefur verið stór hluti af starfsemi Atvest. Þessar greiningar eru mikilvægar í umræðu um atvinnu- og byggðamál Vestfjarða. Jafnframt hefur félagið unnið við sértækar greiningar á ferðaþjónustu og sjávarútvegi til þess að styðja enn betur við þær atvinnugreinar. Á starfsárinu var tekin saman greining um ástand osamfélags í Strandabyggð og má finna skýrsluna á vef Atvest.



Sjávarútvegsklasi Vestfjarða hefur verið starfandi síðan 2005 og er fyrsti svæðisbundni atvinnugreinaklasinn sem tók formlega til starfa á Íslandi og er enn starfandi í þeirri mynd sem lagt var af stað með. Í honum starfa kjarnafyrirtækin í sjávarútvegi á svæðinu og hafa málefnið verið bæði af samfélagslegum toga og það sem beint snýr að þróun greinarinnar. Verkefni á árinu 2016 voru á sviði hliðarafurða og undirbúningur að Þróunarmiðstöð Vestfjarða.

Eldisklasi Vestfjarða er samstarfsvettvangur eldisfyrirtækja á Vestfjörðum sem Atvest vinnur með. Verkefni Atvest er verkefnastjórn við myndun eldisklása fyrirtækja á norðan – og sunnanverðum Vestfjörðum. Markmið verkefnisins er samstarfsvettvangur fyrirtækja sem eru eða hyggja á eldi á fiskum, hvort sem er á landi eða í sjókvíum. Að styðja við samvinnu að þeim hagsmunamálum og viðskiptatengdu verkefnum sem skapast, grunnvinna við ýmis konar greiningar og viðskiptaáætlanir ásamt því að skilgreina sameiginleg viðskiptatækifæri. Auk þess að tryggja tengingu við þær mennta og rannsóknarstofnanir hérlendis sem koma að flestum þáttum fiskeldis, má þar nefna háskóla, ráðgjafafyrirtæki ýmiskonar auk rannsóknaraðila einka- sem og ríkisreknum.

Skútusiglingar ehf (Borea Adventures)

AtVest hefur aðstoðað félagið við uppbyggingu og fjárfestingum í ferðapjónustu á Norðanverðum Vestfjörðum.

Jurtasmiðjan Kálfanes.

Frumkvöðlastuðningur við smáframleiðslu úr íslenskum jurtum. Ráðgjöf við vöruþróun og markaðssetningu á lífrænum og villtum hrávörum til heilsuefningar á innlendum markaði. Viðskiptaráðgjöf og aðstoð við breytingu á fyrirtækjaformi og styrkumsóknagerð.



Stefnumótun í ferðapjónustu. Unnið var að djúpviðtölum við ferðapjóna á Vestfjörðum. Verkefnið var unnið í samstarfi við Markaðstofu Vestfjarða og Ferðamálasamtök Vestfjarða. Markmiðið er að auka faglega áætlanagerð, vöruþróun, kynningarstarf til viðeigandi markhópa og fjárfestingu í ferðapjónustu svæðisins. Verkefnið gefur þeim aðilum sem vinna náði að markaðssetningu fjórðungsins betri innsýn hver staða ferðpjóna er og þá um leið hvernig má bæta kynningarstarf til að efla heilsárs ferðapjónustu.



Markaðsstofa Vestfjarða. Samstarfsverkefni við markaðssetningu Vestfjarða. Verkefnin voru m.a. skipulagning kynningaferða, móttaka og leiðsögn blaðamanna sem og aðstoð við uppsetningu nýrrar heimasíðu, textaskrif og framkvæmd stærsta markaðsátaks Vestfjarða til þessa. Einnig afleysing vegna sumarleyfis starfsmanns Markaðsstofu

Vestfjarða.

Jarðvarmaverkefni á Vestfjörðum

Verkefnið er eitt af áhersluverkefnum innan Sóknaráætlunar Vestfjarða. Meginþungi var í fyrsta áfanga sem er stjórnun og stýring á klasasamstarfi um jarðhitanýtingu á Reykhólum. Samstarfsvettvangur haghafa stefnir að því að miða nýtingu við bestu fáanlegar upplýsingar og umgangast auðlindina með gát. Unnið er að því að láta álagsprófa jarðvarmakerfið á Reykhólum draga úr sóun varmans og endurnýta heita vatnið til frekari atvinnusköpunar ef fé fæst í innviði veitunnar. Orkustofnun, Íslenskar Orkurannsóknir, Orkusjóður og Iðnaðarráðuneytið hafa verið með í ráðum. Stefnt er að því að samhæfa lagalegan grunn nýtingarinnar til samræmis við nýjustu auðlindalög. Hafin var einnig vinna í öðrum áfanga verkefnisins en það er söfnun gagna, skýrslugerð og hugmyndir og tillögur að áætlun um hitaveitu á Hólmavík.

Uppbygging fjöleldis á Vestfjörðum

Ljós er að með auknu sjókvíældi aukast tækifæri í fjöleldi, þar á meðal ostru, kræklingældi auk þangeldis. Undir verkefnastjórn Atvest var aflað gagna um líffræði, vöxt og möguleika á innflutningi sjúkdómsfrírra lirfa til áframeldis á ostrum. Þang- og þaraskurður í Ísafjarðardjúpi er einnig í undirbúningi. Sóttar voru ráðstefnur um nýtingu sjávarþörunga og markaðsmál á heimsvísu.

Stefnumarkandi stjórnunaráætlanir (DMP)

Undirbúningur að verkefni um stefnumarkandi stjórnunaráætlanir áfangastaða eða DMP áætlanir (Destination Management Plans) og er ætlað öllum landshlutum. Verkefnið er unnið af Markaðsstofu Vestfjarða í samstarfi við Atvest.

Undirbúningur skíðasvæðis á S-Vestfjörðum

Verkefnið snýr að frumkönnun á uppsetningu skíðasvæðis. Kostnaðar- og rekstrargreiningar í samstarfi við bæjarstjórn Vesturbyggðar. Verkefnið mun skapa 1-2 ársverk.

Skráning fyrirtækja í gagnagrunn

Verkefnið miðar að skrá niður þau fyrirtæki sem starfa í fjórðungnum svo unnt sé að greina breytingar í fjölda og starfsemi milli ára.